

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Alþingi, allsherjarnefnd
Björn Þorvaldsson nefndarritari
Bréfsími: 563 06 10

Alþingi
Erindi nr. P 123/998
komudagur 17. 2. 1999

Reykjavík: 16.02. 1999

tílvísun: 3510x923.DOC

(2 bls)

Til upplýsingar í framhaldi af samtölum í gær um frumvarp til breytinga á skaðabótalögum.

Vísað er til samtals í gær þar sem fram kom fyrirspurn þess efnis hvort Fjármálaeftirlitið geti metið áhrif frumvarps til breytinga á skaðabótalögum á iðgjöld vátrygginga. Einnig er vísað til samtals varðandi fyrirspurn í allsherjarnefnd um tjónaskuld nú og við gildistöku skaðabótalaga. Að lokum er vísað til töflu með hugmyndum að nýjum margföldunarstuðlum vegna bóta fyrir varanlega örorku, sem fulltrúar Fjármálaeftirlitsins fengu afhenta á fundi með allsherjarnefnd hinn 1. febrúar sl.

Vegna þessa skal eftirfarandi getið:

1. Áhrif frumvarps til breytinga á skaðabótalögum á iðgjöld vátrygginga.

Fram hefur komið fyrirspurn um hvort Fjármálaeftirlitið geti metið áhrif frumvarps til breytinga á skaðabótalögum á iðgjöld vátrygginga. Fjármálaeftirlitið hefur ekki forsendur til slíks mats.

Ef unnt væri að meta líkleg áhrif breytinga á skaðabótalögum á tjónagreiðslur úr slysapætti okutækja-trygginga mætti fara nærri um iðgjaldabróun til lengri tíma lítið að óbreyttum lögum. Gögn Fjármálaeftirlitsins innihalda hins vegar ekki þær upplýsingar sem þarf til að meta áhrif þeirra breytinga sem lagðar eru til nú. Eftirlitið á yfirlitsupplýsingar um einstakar vátryggingagreinar auk upplýsinga um einstök afmörkuð viðfangsefni. Í greinargerð með fyrirbyggjandi frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum er m.a. greint frá athugun á líkamstjónum sem urðu síðari hluta árs 1993. Þær upplýsingar eru ekki fullnægjandi til þess að unnt sé að reikna hvernig tjón sem þá urðu hefðu verið gerð upp samkvæmt frumvarpinu.

Í frumvarpinu er lagt til að einstökum greinum skaðabótalaga verði breytt mikið. Reikna má áhrif breytinganna á einstök tilbúin eða raunveruleg dæmi um fólk sem slasast, t.d. í umferðarslysi. Slíkir útreikningar eru þó háðir mati á ýmsum þáttum sem ekki er endilega ljóst hvernig verða í framkvæmd verði frumvarpið að lögum. Hefur Fjármálaeftirlitið m.a. sent allsherjarnefnd útreikninga varðandi bætur til tjónþola sem ekki hafa tekjusögu.

Til þess að meta áhrif frumvarpsins á tjónagreiðslur í heild þarf að meta vægi einstakra gerða af tjónum og einstakra hópa tjónþola. Þar er einkum við reynslu fyrri ára að styðjast, en þó er nokkuð af tjónum frá fyrstu árum skaðabótalaga óuppperð enn og reynslan því ekki einhlít. Þessi reynsla er að einhverju leyti til í tjónadeildum einstakra vátryggingafélaga og þar er helst vitneskja til þess að meta áhrif frumvarpsins á tjónagreiðslur í heild, s.s. vitneskja um vægi einstakra hópa tjónþola í heildartjónum.

Fjármálaeftirlitinu er ekki kunnugt um að fyrirbyggjandi tillögum um breytingar á skaðabótalögum hafi verið andmælt með þeim rökum að þær leiði til hækkunar iðgjalda. Þvert á móti virðist það eðlilega viðhorf ríkja, að iðgjöld vátrygginga séu aflcidd stærð af tjónakostnaði.

2. Tjónaskuld

Í allsherjarnefnd var óskað eftir nýjustu upplýsingum um tjónaskuld vátryggingafélaga og tjónaskuldina við gildistöku skaðabótalaga.

Vísað er til fylgiskjals 2 með umsógn Vátryggingaeftirlitsins dags. 09/12/98 þar sem er gerð grein fyrir tjónaskuld í innlendri starfsemi almennra vátryggingafélaga við árslok 1996 og 1997 og sýnt hvernig hún skiptist eftir tjónaárum, þ.e. eftir því hvenær hinar óuppgerðu skuldbindingar urðu til. Einnig kemur fram hve nukið var greitt af tjónum á árinu 1997 vegna hvers tjónaárs.

Vátryggingafélögin vinna um þessar mundir að reikningsskilum vegna ársins 1998 og mun mat á tjónaskuld við síðstu áramót liggja fyrir snemma sumars.

Tjónaskuld er rúmur helmingur af efnahagsreikningi vátryggingafélaga.

Megnið af bótum sem vátryggingafélög greiða samkvæmt skaðabótalögum er vegna lögboðinna ökutækjetrygginga. Í þeirri grein var tjónaskuldin 14,8 milljarðar króna hinn 31.12.1997 og útjöfnunarskuld 1 milljarður. Í árslok 1993 var bótasjóður 9,9 milljarðar króna í lögboðnum ökutækjetryggingum. Bótasjóðurinn er sambærilegur við núverandi tjónaskuld að viðbætti útjöfnunarskuld. Þess skal getið að iðgjöld ársins 1997 í lögboðnum ökutækjetryggingum voru nánast hin sömu og 1993 og námu 3,7 milljörðum króna.

3. Margföldunarstuðlar vegna bóta fyrir varanlega örorku


Á fundi með allsherjarnefnd hinn 1. febrúar sl. um frumvarp til breytinga á skaðabótalögum fengu fulltrúar Fjármálaeftirlitsins afhenta töflu með margföldunarstuðlum sem gætu komið í stað þeirra sem eru í 5. gr. frv. Stuðlarnir eru reiknaðir eftir breyttum forsendum frá því sem er í frumvarpinu sjálfu og fylgdu þeim stuttar útskýringar á blaði.

Á fundinum lét Fjármálaeftirlitið í ljós þá skoðun að gera verði ýtarlega grein fyrir einstökum tillögum í því skyni að stuðla að nauðsynlegum stöðugleika á sviði skaðabótalaga. Þessi skoðun Fjármálaeftirlitsins á cinnig við um ofangreinda hugmynd að nýjum stuðlum, en þær skýringar sem fylgdu nýju stuðlunum veita takmarkaðar upplýsingar. Birta þarf forsendur og grunngögn sem notuð eru við útreikning margföldunarstuðlanna séu þau ekki þegar út gefin til þess að lögin verði gegnsærri og breytingar á þeim auðveldari í meðförum síðar.

Að þessu sögðu skal þess getið um þá stuðla sem fyrir liggja, að forsendur þeirra eru mjög tengdar reglum um hvernig fara skuli með önnur bótaúræði s.s. frá lífeyrissjóðum og almannatryggingum. Einnig kunna eftirlaun og eftirlaunaréttur manna að skipta hér máli.

Fjármálaeftirlitið er sem fyrr reiðubúið til að aðstoða allsherjarnefnd eftir því sem unnt er við endurskoðun skaðabótalaga. Eins og áður segir hefur eftirlitið þó ekki forsendur til þess að meta heildaráhrif frumvarpsins á iðgjöld vátrygginga.

Virðingarfyllt



Helgi Þórsson



Rúnar Guðmundsson